

Byggðasafn Árnesinga

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Ársskýrsla 2009



Forsíða	0
Efnisyfirlit	1
Formáli	2
Stofnskrár, samþykktir og áætlanir	2
Stjórn og eigandi	3
Starfsfólk	3
Helstu þjónustuaðilar	4
Opnunartími og gestafjöldi 2009	4
Húsakynni	5
Skráningarkerfi og aðföng 2009	5
Aðstaða til varðveislu	6
Rannsóknir (LÁ)	6
Fornleifadeild Byggðasafns Árnesinga	7
Sýningar og önnur miðlun (LÁ)	9
Jarðskjálftamál	12
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	13
Rjórnabúið á Baugsstöðum	13
Samskipti við önnur söfn, setur og sýningar	14
Fundir, námskeið og ráðstefnur	15
Farskóli íslenskra safna og safnamanna (FÍSOS)	16
Kynningarmál	16
Safnaklasi Suðurlands – Samtök safna á Suðurlandi	15
Helgi Ívarsson frá Hólum – Minning	17
Helstu tölur úr ársreikningi 2009	18

www.husid.com



Á forsiðu er málverk af Hólum í Stokkseyrarhreppi, úr dánarbúi Helga Ívarssonar.
Ljósmyndir þessarar skýrslu eru teknar af starfsmönnum safnsins nema annað sé tekið fram.
Ársskýrsla þessi er samin eftir forskrift Safnaráðs.
© Byggðasafn Árnesinga 2010

Formáli

Byggðasafn Árnesinga og Sjóminjasafnið á Eyrarbakka voru rekin með hefðbundnum hætti árið 2009. Ársskýrsla þessi tæpir á helstu atriðum starfseminnar.

Við söfnin var unnið að þeim verkefnum sem þar ber að vinna samkvæmt stofnskrám og öðrum samþykktum - að söfnun, skráningu, varðveislu og miðlun. Þau voru opin á auglýstum tímum og eftir samkomulagi allt árið.

Sýningahald var með hefðbundnum hætti en fjórar sérsýningar, stórar og smáar, voru settar upp á árinu. Mjög góð aðsókn varð að sumarsýningu safnsins sem bar yfirskriftina „Hvar varst



þú? – Stóri skjálftinn“. Í forsal Sjóminjasafnsins var sett upp minjasýningin Ferjustaðir. Söfnin á Eyrarbakka voru þátttakendur í bæja- og menningarhátíðum og tóku jafnframt þátt í Menningarnótt í Reykjavík.

Áfram var haldið við fornleifaskráningu og fornleifarannsóknir við safnið og fornleifadeildin starfaði að margvíslegum fornleifaverkefnum. Í lok

ársins ákvað eigandi safnsins að hætta starfseminni vegna ónógrar þátttöku sveitarfélaga í Árnesþingi í fornleifaskráningu.

Stofnskrár, samþykktir og áætlanir

Byggðasafn Árnesinga er í eigu Héraðsnefndar Árnesinga og starfar eftir stofnskrá samþykktari af henni. Byggðasafn Árnesinga var opnað í júlí 1964 á Selfossi en flutti starfsemi sína á Eyrarbakka 1995.

Safnið starfar eftir öllum sjö atriðum sem nefnd eru í 10. grein Safnalaga nr. 2001/106 og eftir 3., 4. og 5. grein Þjóðminjalaga nr. 2001/107.

Safnið starfar eftir heildarstefnu er varðar söfnun, varðveislu og miðlun.

Safnið starfar eftir starfs— og rekstraráætlun sem samþykkt er af stjórn og héraðsnefnd fyrir hvert ár.

Stjórn safnsins starfar eftir erindisbréfi stjórnar og safnstjóri eftir starfslýsingu safnstjóra.

Fundargerðir stjórnar öðlast gildi með staðfestingu héraðsráðs eða Héraðsnefndar Árnesinga.

Safnstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri safnsins og rekur það í umboði stjórnar í samræmi við rekstrar- og starfsáætlanir sem og ákvarðanir teknar á fundum stjórnar safnsins.

Byggðasafn Árnesinga heldur úti grunnsýningu í Húsinu á Eyrarbakka og sér um viðhald þess samkvæmt samkomulagi þar um. Sveitarfélagið Árborg greiðir lóðagjöld og ber allan kostnað af lóð Hússins.

Í gildi er þjónustusamningur milli Byggðasafns Árnesinga og Sveitarfélagsins Árborgar um rekstur Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og Þuríðarþúðar á Stokkseyri.

Í gildi er sérstök stofnskrá og söfnunarstefna fyrir Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Byggðasafn Árnesinga er eignaraðili að Rjórabúinu á Baugsstöðum að þriðjungshluta.

Við safnið er náttúruminjasafn sem miðlað hefur verið til sýninga í skólum og við önnur sýningasetur í héraðinu, sem og á grunnsýningu safnsins.

Frá 2004 hefur verið unnið að fornleifarannsóknum við safnið, einkum fyrir sveitarfélög héraðsins. Er starfsemin sérstaklega aðgreind frá öðrum rekstri safnsins og stendur undir sér með útseldri vinnu og verkefnastyrkjum.

Stjórn og eigandi

Stjórn Byggðasafns Árnesinga er tilnefnd til eins árs í senn af eiganda safnsins Héraðsnefnd Árnesinga. Í stjórn sitja

Eva Marín Hlynsdóttir, Hrafnkelsstöðum II, Hrunamannahreppi, stjórnarformaður,
Guðmundur Þór Guðjónsson, Hveragerði, varaformaður, og
Sigurður Steindórsson, Eyrarbakka, ritari.

Stjórn safnsins starfar eftir erindisbréfi þar sem kveður á um hlutverk og skyldur stjórnarmanna.

Stjórnarfundir urðu fimm á árinu. Auk þess átti safnstjóri töluverð samskipti við stjórnina milli funda með tölvubréfum og símtölum. Stjórnarformaður og varaformaður mættu á fundi með héraðsráði og fjárhagsnefnd Héraðsnefndar Árnesinga.

Safnstjóri sat jafnframt fundi með Héraðsnefnd Árnesinga, héraðsráði, sem og fjárhagsnefnd hennar.



Héraðsnefnd Árnesinga, sem er eigandi Byggðasafns Árnesinga, er byggðasamlag sveitarfélaga í Árnessýslu sem stofnuð var í kjölfar slita á Sýslunefnd Árnessýslu árið 1990. Sveitarfélögin sem nú standa að Héraðsnefnd Árnesinga eru: Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær,

Sveitarfélagið Ölfus, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur. Aðalverkefni Héraðsnefndar Árnesinga er rekstur þriggja safna á héraðsvísu. Á fundum Héraðsnefndar Árnesinga eru lagðar fram til umfjöllunar og samþykktar ársskýrslur og ársreikningar liðins árs, fundargerðir stjórna safna og héraðsráðs á liðandi ári til staðfestingar, sem og áætlanir næsta árs. Héraðsnefndin velur sér þriggja manna yfirstjórn, héraðsráð, sem fundar eftir þörfum og kallar til stjórnendur safnanna ef ástæða þykir til.

Starfsíólk

Lýður Pálsson, sagnfræðingur BA, **safnstjóri** í 100% stöðu, hóf störf við safnið 1. júní 1992. Hann starfar eftir starfslýsingu safnstjóra, ber ábyrgð á daglegum rekstri safnsins og fjárreiðum, er talsmaður safnsins, skipuleggur starfsemina og ber ábyrgð á ráðningu annars starfsfólks. Allir aðrir starfsmenn safnsins eru undirmenn safnstjóra.

Linda Ásdísardóttir íslenskufraeðingur BA, **safnvörður** í 100% stöðu, starfar við hlið safnstjóra að faglegu safnastarfi. Linda hefur öðru hverju frá árinu 1999 starfað við gæslustörf í Húsinu, í fullu starfi frá maí 2008.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur BA, hefur umsjón með fornleifarannsóknum safnsins. Stundar nám á MA-stigi í fornleifafræði við HÍ. Hefur starfað við safnið frá 2000, í fullu starfi frá 2006.

Jensína Jensdóttir starfaði við gæslu í Húsinu yfir sumartímann og ræstingar í Húsinu allt árið.

Agnes Karlsdóttir vann í hlutastarfi við safngæslu í Sjóminjasafninu og hafði umsjón með ræstingum þar.

Hörður Jóhannsson vann í hlutastarfi við safngæslu í Sjóminjasafninu og í afleysingum í Húsinu.

Elísabet Valdimarsdóttir vann í hlutastarfi hluta sumars í gæslu í Húsinu á Eyrarbakka.

Guðjón Guðmundsson rafvirki er einnig á launaskrá vegna öryggismála.

Hildur Hákonardóttir hefur aðstoðað við uppsetningu sýninga safnsins í fjölmörg ár. Á árinu aðstoðaði hún við uppsetningu sumarsýningar og jólasýningar í borðstofu.

Helstu þjónustuaðilar

KPMG bókhald á Selfossi sér um bókhald og launaframtal. KPMG endurskoðun sér einnig um gerð ársreiknings.

Árvirkinn sér um viðhald raflagna og eftirlit með flestum öryggiskerfum. TRS um viðhald tölvubúnaðar og nettenginga sem og birgir safnið af skrifstofuvörum, Tikk-takk ehf hýsir heimasíðuna www.husid.com og lætur í té vefumsjónarkerfi.

Vegna viðhalds á húsakynnum er einna helst leitað til Jóns Karls Ragnarssonar og þeirra bræðra Gísla og Guðmundar Kristjánssona. Eðalmálun á Selfossi sér um málningavinnu við Húsið. Lagnaþjónustan á Selfossi sér um eftirlit með vatnsúðunarkerfi Hússins. Húsið er hluti af Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands og veitir Húsafriðunarnefnd ráðgjöf um

viðhald þess hverju sinni og sér Guðmundur Lúther Hafsteinsson arkitekt hjá Húsafriðunarnefnd um þá hlið mála í samráði við Önnu Lísu Rúnarsdóttur sviðstjóra rannsóknar- og varðveislusviðs Þjóðminjasafnsins.



Opnunartími og gestafjöldi 2009

Opið var á söfnunum á Eyrarbakka alla daga frá 15. maí til 15. september kl. 11-18. Einnig var safnið opnað á safnahelgi í nóvember og eina helgi á jólafoðstu.

Jafnframt var opnað fyrir fjölmörgum skólum og hópum á öðrum tímum.

Fylgst er með gestatíðni og sömuleiðis eftirspurn utan auglýsts opnunartíma og miðast opnunartíminn við þær rannsóknir.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2009 varð 5610, þar af 1270 erlendir og 350 í skólahópum.

Árið 2008 komu 4.850 gestir, þar af 760 erlendir og 450 í skólahópum.

Í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka skrifuðu 114 manns í gestabók. Mun fleiri komu og skrifuðu ekki. Ýmsir komu oft.

Um 75% af gestum Hússins koma jafnframt í Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Húsakynni					
Heiti	Staðsetning	Byggingarár	Eigandi	Hlutverk	Mynd
Húsið	Eyrargata 50, Eyrarbakka	1765	Ríkissjóður	Grunnsýning Bygðasafns Árnesinga, friðuð bygging	
Assistentahúsið	Eyrargata 50, Eyrarbakka	1881	Ríkissjóður	Grunnsýning Bygðasafns Árnesinga. Friðuð bygging	
Útihúsin við Húsið	Eyrargata 50, Eyrarbakka	1918-1922	Ríkissjóður	Óuppgerð af hálfu eigenda. Friðaðar, hluti af búsetulandslagi. Sýningahald fyrirhugað.	
Eggjaskúrin	Eyrargata 50, Eyrarbakka	2004	Bygðasafn Árnesinga	Grunnsýning Bygðasafns Árnesinga. Tilgátuhús.	
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	Túngata 59, Eyrarbakka	1970	Sveitarfélagið Árborg	Grunnsýning Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka	
Beitningaskúrin	Eyrargata 50, Eyrarbakka	1920	Sveitarfélagið Árborg	Gamall beitningaskúr. Gefinn Sjóminjasafninu 1990.	
Mundakotsskemmi	Þykkvaflöt 2, Eyrarbakka	1960	Sveitarfélagið Árborg	Gamall bílskúr, gefinn Sjóminjasafninu um 1990, geymsla.	
Þjónustuhús	Hafnarbrú 3, Eyrarbakka	2002	Bygðasafn Árnesinga	Skrifstofa og safngæmslur Bygðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka	
Rjómabúið á Baugsstöðum	Baugstaðir, Stokkseyrarhreppi	1905	Bygðasafn Árnesinga 50%, Búnaðarsamband Suðurlands 50%	Rjómabú frá 1905, safn frá 1974 og er Bygðasafn Árnesinga 33% aðili að rekstri þess.	

Á árinu var Assistentahúsið málað að utan og sá Eðalmálun Suðurlands um það verk. Kostnaðarsamar lagfæringar voru gerðar á lofthitunarsamstæðu Assistentahússins. Við Sjóminjasafnið á Eyrarbakka hófust umfangsmiklar endurbætur á húsakynnum og skipt var um glugga. Endurbæturnar eru unnar af Framkvæmdasviði Árborgar og eru að mestu fjármagnaðar af jarðskjálftabótum.

Skráningarkerfi og aðföng

Allir safngripir og allar ljósmyndir Bygðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka eru skráð í Sarp sem er miðlægur gagnagrunnur rekinn af Rekstrarfélagi Sarps ehf og flest minjasöfn landsins standa að. Jafnframt eru allar skráðar fornleifar færðar í gagnagrunninn Sarp. Um þessar mundir er unnið að nýrri gerð Sarps, Sarpur 3. sem verður aðgengilegur á vefnum.

Skráðir voru 166 nýir safnmunir við söfnin á árinu 2009 en aðeins 6 ljósmyndir voru skráðar.

Ýmis aðföng frá síðustu árum eru enn óskráð, einkum ljósmyndir. Unnið er að skráningu eftir því aðstæður leyfa og óhjákvæmilegt að skráning sé látin bíða ekki síst í kjölfar náttúruhamfara á borð við jarðskjálfta. Við móttöku nýrra aðfanga eru nöfn gefenda og heiti handskrifuð í sérstaka aðfangabók.

Gripir: 6000 (þar af 520 skráðir á Tónminjasetur)

Ljósmyndir 5746 (þar af 185 skráðar á Tónminjasetur)

Fornleifar: 995.

Helstu aðföng 2009 voru Trafaaskja Kristínar konu Gottsveins Jónssonar, ýmis skólagögn frá Barnaskólanum á Selfossi, gripir frá Túni á Eyrarbakka, tekanna úr Húsinu á Eyrarbakka (sjá gamla ljósmynd) og leikföng Eugeniu I. Nielsen sem fædd var í Húsinu á Eyrarbakka 1916.

Gefendur voru Hildur Hákonardóttir, Lýður Pálsson, Hjalti Geir Kristjánsson, Súsanna Halldórsdóttir, Innrömmun Sigurjóns, Sævar Sigursteinsson, Jóhanna Guðjónsson f.h. leikskóla á Selfossi, Vallaskóli, Regína Guðjónsdóttir og Guðjón Pálsson, Gylfi Pálsson, Þór Hafdal, Hörður Jóhannsson, Ríkarð Guðmundsson, Kristen Sveinbjörnsson Wolf Kaupmannahöfn, Auðbjörg Guðmundsdóttir, Steinunn Ólafsdóttir, Rannveig Hrund Vernharðsdóttir, Db. Helga Þorvaldssonar, Vilbergur Prebensson, Árni S. Erlingsson, Elísabet Jónsdóttir, Þjóðminjasafn Íslands og Helgi Garðarson.



Aðstaða til varðveislu

Í geymslum safnsins er góð aðstaða til varðveislu safnmuna. Þar er hita- og rakastig stöðugt og gluggar allir byrgðir sólarljósi. Síritamælar eru á tveimur stöðum í húsakynnum safnanna og mælt viku í senn á mismunandi stöðum.

Í öllum húsunum, að undanskilinni Mundakotsskemmu, Beitningaskúrnum og útihúsunum, eru öryggiskerfi og í Húsinu og Assistentahúsinu vatnsúðunarkerfi að auki.

Rannsóknir

Rannsóknir sem safnið stendur fyrir eru á safnakosti þess, safnmunum og ljósmyndum ásamt fornleifarannsóknum. Skráning nýrra aðfanga kallar á rannsóknir sem tengjast ákveðnum gripum og /eða gefendum. Einnig ber að nefna smáar rannsóknir og greinarskrif sem tengjast einstökum viðburðum á vegum safnsins. Dágóður tími starfsmanna fer einnig í að svara fyrirspurnum almennings og fræðimanna er varða safnkost, sögu Hússins eða sögu Eyrarbakka.

Byggðasafnið hefur unnið að samtímasöfnun frá árinu 1998 þegar farið var að tala um slíka söfnun á sameiginlegu þingi Félags íslenskra safnamanna. Safnstjóri hefur tvisvar farið á ráðstefnur og námskeið í samtímaskráningu en Linda Ásdísardóttir safnvörður hefur sérhæft sig í samtímasöfnum frá því hún var ráðin til starfa 2008. Margar samtímarannsóknir hafa verið unnar hjá Byggðasafninu og hefur það styrkt sig vel í sessi sem framarlega á þeim vettvangi. Rannsóknir tengdar samtímasöfnun hafa verið fyrirferðamiklar á síðasta ári.

Hvar varst þú? Fyrst ber að nefna viðamikið verkefni *Hvar varst þú?* þar sem safnað var frásögum sunnlendinga af jarðskjálftanum sem reið yfir í maí 2008. Alls söfnuðust yfir 400 frásagnir, teikningar og ljóð ásamt öðrum gögnum. Afraksturinn var á sumarsýningu í Húsinu. Allt árið voru sögur að berast og einnig var ljósmyndum safnað sérstaklega. Úrvinnsla á

gögnum er hafin en er skammt á veg komin. Verkefnið var styrkt af Menningarráði Suðurlands.

Leikir barna 2009 Safnið tekur einnig þátt í samstarfsverkefni sem kallast *Leikir barna 2009* og miðar að því að rannsaka ólíka leiki barna víðs vegar um landið. Alls taka átta söfn þátt í þessu verkefni og hóft það árið 2008. Eitt af markmiðum þess er að þjálfa safnafólk í



ákveðinni aðferðarfræði í söfnun samtímaheimilda. Starfsmaður safnsins vann vettvangsrannsókn um haustið í tveimur skólum í Árnessýslu, Flóaskóla og Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri. Enn er verið að vinna úr þeim gögnum og mun afraksturinn skila sér í sameiginlegri sýningu og ritefni árið 2011. Verkefnið er styrkt af Safnasjóði.

Hverarúgbrauð Þriðja samtímarannsóknin er verkefnið *Hverarúgbrauð* sem hóft á síðasta ári. Gerð verður rannsókn á vinnslu hverarúgbrauðs í Hveragerði. Þátttakendur eru þrír ólíkir bakarar í bænum. Bæði verður verkmenningin rannsökuð og einnig saga hverrúgbrauðs á þessu svæði. Afrakstur rannsóknarinnar verður miðlað stafrænt á netinu. Þetta er hluti af samnorrænu verkefni *Bröd i Norden* sem er á vegum Norsam. Fleiri söfn á Íslandi taka þátt. Safnið fær ferðastyrki til að taka þátt í verkefninu.

Fornleifadeild Byggðasafns Árnesinga

Árið 2004 hófst vinna við fornlifaskráningu Árborgar og var safninu falið að halda utan um það verk. Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornlifafræðingur hefur röggssamlega haldið utan um starfsemi fornlifadeildarinnar. Fljótlega eftir að fornlifaskráningin hófst kom í ljós mikil eftirspurn eftir starfskröftum fornlifafræðinga safnsins til að sinna aðkallandi verkefnum á sviði deiliskráningar fornlifa í tengslum við framkvæmdir og neyðaruppgrefti. Þróun deildarinnar hefur orðið á þá leið að æ minni tími starfsmanna deildarinnar hefur farið í að sinna verkefnum fyrir sveitarfélögin sem að safninu standa þrátt fyrir að starfsemin hafi verið sett á fót í þeirra þágu. Í árbyrjun 2009 sagði Sveitarfélagið Árborg upp samningum um fornlifaskráningu og eru orsakir fjárhagslegs eðlis. Fornlifaskráning í Árborg var kjölfesta fornlifadeildarinnar. Í kjölfarið var Margrét Hallmundsdóttir fornlifafræðingi sagt upp störfum en verkefnaráðin til að ljúka þeim verkefnum sem deildin var byrjuð á. Á haustfundi Héraðsnefndar Árnesinga samþykkti nefndin að leggja niður starfsemi fornlifadeildar Byggðasafns Árnesinga. Í kjölfarið var Margrét Hrönn Hallmundsdóttir ráðinn deildarstjóri fornlifadeildar Náttúrustofu Vestfjarða.

Í ársskýrslum undanfarinna ára hefur verið greint frá helstu verkefnum og starfsemi fornlifadeildar Byggðasafnsins. Helstu verkefni ársins 2009 voru þessi:

Fornlifaskráning í Árborg, úrvinnsla í janúar, febrúar og mars.

Fornleifauppgröftur við Þingvallakirkju. Þar var unnið í 10 vikur að uppgrefti í kirkjugarðinum á Þingvöllum fyrir Þingvallanefnd. Margrét Hallmundsdóttir stjórnaði þar uppgrefti og naut aðstoðar Guðrúnar Þráinsdóttur fornlifafræðings og fleiri.



Meðal þess sem fannst við uppgröft við Þingvallakirkju var silfurpeningur. Hann fannst við suðurvegg kirkjunnar sem er ekki svo óvenjulegt á þessum slóðum því svo virðist sem að í hvert sinn sem grafið er á þessu svæði komi fram myntir og aðrir merkir gripir. Áður hafa fundist brot af norskum myntum en í þetta sinn fannst mjög heillegur þýskur peningur.

Peningur þessi er sleginn í nafni Ottós III Þýskalands keisara en hann stjórnaði með Aðalheiði ömmu sinni (ekkjú Ottós I) þar sem hann var aðeins þriggja ára þegar hann kom til valda 983. Þessi gerð mynta er tímasett nokkuð vítt eða 983-1002 og líkast til slegin í eða við Goslar, en þar höfðu fundist gjöfular silfurnámur á tíundu öld. (Heimild: thingvellir.is – fréttatilkynning)

Annar merkur gripur fannst einnig, innsigliðshringur úr 12 karata gulli og 500 ára gamalt koparlóð.



Framkvæmdaefirlit við Bakkárholt í Ölfusi.

Við niðurrif gamla útihúsa sem stóðu á fornleifum var kallað til fornleifafræðings til að hafa framkvæmdaefirlit. Unnið fyrir Forsætisráðuneytið.

Fornleifauppgröfur í Koti á Rangárvöllum. Að frumkvæði Margrétar Hallmundsdóttur hefur undanfarin ár verið unnið að fornleifauppgræftri á fornu bæjarstæði í landi Kots á Rangárvöllum. Menningarráð Suðurlands styrkti rannsóknina. Einnig fengust styrkir frá

Evrópusambandinu frá verkefninu European Archaeology Skills Exchange Funded Placements.



Deiliskráningarverkefni á fimm reitum í

Sveitarfélaginu Árborg. Unnið fyrir sveitarfélagið.

Fornleifaskráning á nokkrum jörðum í

Sveitarfélaginu Ölfus. Verkið unnið fyrir sveitarfélagið.

Deiliskráning við Álftavatn að Fjallabaki, unnin fyrir Ferðafélag Íslands.

Deiliskráning fyrir Vegagerð ríkisins vegna vegaframkvæmda.

Unlocking Hidden Heritage. Á árinu lauk þátttöku Fornleifadeilar Byggðasafns Árnesinga í Evrópuverkefninu Unlocking Hidden Heritage. Aðstandendur verkefnisins héldu lokahóf í Húsinu á Eyrarbakka þann 9. maí þar sem útgáfu á riti um verkefnið var fagnað.

Sýningar og helstu viðburðir

Þorrasýning. Fyrsta sýning ársins var þorrasýning í borðstofu Hússins. Mjólkurvinnsla og matargerð fyrri tíma var kynnt fyrir grunnskóla- og leikskólahópum. Börnin sáu fyrst bút úr heimildamyndinni *Í dagsins önn* og svo voru viðeigandi safngripir dregnir fram og hlutverk þeirra útskýrð.

Orð og vængir Páskasýning Hússins var listasýning *Orð og vængir*. Frönsku listakonurnar Heléne Dupont og Pascale Cécile Darricau sýndu verk sín í borðstofunni. Heléne vannur myndverk með blandaðri tækni, vatnslitum, bleki, álímingu o.fl. en Pascale notar pappamassa, leir og notaða hluti í sín verk. Titill sýningarinnar *Orð og vængir* vísar í verkin sjálf. Ritlist og form leika um rímið annað hvort svífandin í orðsins fylltu merkingu eða sem orð og setningar sem vilja hefja sig til flugs af myndfletinum. Húsið var opið í 11 dag um og eftir páska og safnið bauð frían aðgang.



Vor í Árborg 8. - 18. maí. Söfnin tóku þátt í hátíðinni *Vor í Árborg* á hefðbundinn hátt og buðu gestum frían aðgang. Sumarsýningar safnanna opnuðu og tónlistin skipaði veglegan sess í Húsinu.



Hvar varst þú – Stóri skjálftinn Sumarsýning var tileinkuð jarðskjálftanum sem reið yfir Suðurland 29. maí 2008. Sýningin byggðist á umfangsmikilli söfnum á frásögnum sunnlendinga af þessum miklu hamförum. Sögur og sögubrot voru í öndvegi en ljósmyndir, kvikmyndabrot, sviðsetningar og persónulegar gripir sögumanna prýddu sýninguna.

Ferjustaðir Í forsal Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka var á *Vor í Árborg* opnuð minjasýningin Ferjustaðir. Þar var í munum, ljósmyndum, skjölum og skýringatextum fjallað um ferjustaði við Ölfusá og Þjórsá. Ekki þarf að fara mörgum orðum um mikilvægi ferjuflutninga í samgöngum landsins áður en ár voru brúaðar.

Stofutónleikar Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari og Katie Elizabeth Buckley hörpuleikari fluttu verkið *Fjórar aldir og þrjár heimsálfur* í stásstofu Hússins sunnudaginn 24. maí. Seinna sama dag flutti Ásgerður





Júníusdóttir, sópransöngkona mónó-óperuna *Miðilinn* eftir tónskáldið Peter Maxwell Davis í íslenskri þýðingu Sjón. Þessir viðburðir voru hluti af Vor í Árborg og efnt til í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík. Mjög góð aðsókn var á báða tónleikana og vöktu þeir verðskuldaða athygli.

Jónsmessuhátíð 27. júní Jónsmessan var, líkt og hefur tíðkast síðustu ár, mikill gleðidagur á

Eyrarbakka og þorpið iðaði af lífi. Mikill gestagangur var í Húsinu allan daginn. Að kvöldi söfnuðust Jónsmessugestir saman í stásstofunni eftir að hafa gengið um Bakkann undir leiðsögn Magnúsar Karels Hannessonar, og sungu saman við undirleik Heimis Guðmundssonar áður en haldið var til brennu.



Íslenski safnadagurinn 12. júlí Safnadagurinn var haldinn hátíðlegur líkt og önnur ár og gestum boðið ókeypis aðgangur. Ný náttúrusýning opnaði í Eggjaskúrnum þar sem nýr og glæsilegur náttúrugripaskápur var vígður. Smíði skápsins og uppbygging nýrrar náttúrusýningar var styrkt af Pokasjóði verslunarinnar og Menningarráði Suðurlands.



Frá Sjóminjasafninu var farið í sögugöngu um Bakkann undir leiðsögn Magnúsar Karels Hannessonar.

Um kvöldið voru tónleikar í stásstofunni þar sem Shuann Chai píanóleikari og Svanur Vilbergsson gítarleikari fluttu einleiks- og tvíleiksverk. Á efnisskránni voru meðal annars *Tilbrigði við stef* eftir Mozart eftir F. Carulli, *Sonatina* eftir M. Giuliani og

Variations Serieuses eftir F. Mendelssohn fyrir píanó.

Vélar Rjórnabúsins á Baugsstöðum voru gangsettar í tiefni dagsins og gestir fengu leiðsögn.

Aldamótahátíðin 15.-16. ágúst Bætt var við flóru viðburða með því að efna til Aldamótahátíðar síðsumars. Prúðbúið fólk, fornbílar og jafnvel hestakerra settu svip á bæinn. Hörður Jóhannsson starfsmaður Sjóminjasafnsins sýndi hvernig hnýta á hnúta og riða net. Margmenni sótti hátíðina í mikilli veðurbliðu og gestakoma á söfnin var afburða góð.

Menningarótt í Reykjavík 22. ágúst Sveitarfélagið Árborg var gestur á Menningarótti í



Reykjavík þetta árið. Safnið kynnti þar verkefnið *Hvar varst þú? – Stóri skjálftinn*. Jarðskjálftasögur, ljósmyndir og brotið Gullfossbollastell voru á kynningunni. Í gamla Fógetahúsinu var heimildarmynd Andrésar Indriðasonar um Húsið á Eyrarbakka sýnd allan daginn. Þar var einnig gamall veiðibátur frá Sjóminjasafninu á Eyrarbakka til sýnis. Byggðasafnið lagði einnig drjúgt af mörkum við öflunnar heimilda fyrir þá sýningu sem Árborg bauð upp á í Ráðhúsi Reykjavíkur. Safnstjóri og safnvörður voru stödd á staðnum allan daginn og kynntu söfnin og svöruðu spurningum gesta.

Safnahelgi á Suðurlandi 6. – 8. nóvember Safnahelgin var haldin í annað sinn. Þessi viðburður var eitt þeirra verkefna sem Safnaklasi á Suðurlandi hrinti í framkvæmd árið 2008. Þessa helgi voru söfn með sérofnun og buðu gestum sínum upp á ýmsa viðburði, fræðslu og skemmtun.

Vasaljósaheimsókn Föstudagskvöldið 6. nóvember var Húsið myrkrað og gestir skoðuðu safnið með vasaljósi. Ungmenninn frá félagsmiðstöðinni Zelsíus voru með sviðsetningar á ýmsum stöðum í Húsinu undir yfirskriftinni *Leikið á safni* sem naut styrks Menningarráðs Suðurlands. Gestir voru á öllum aldri en dagskráin höfðaði óneitalega til yngri kynslóðarinnar sem skemmti sér vel. Liður í Safnahelgi.



Húsið við rætur Heklu Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur hélt fyrirlestur á laugardegi 7. nóvember í borðstofu Hússins um uppgröft sinn á rúst Kots við rætur Heklu. Margrét hefur stjórnað því verki í þrjú ár og þar hafa fundist minjar um bústað frá því um landnámsöld. Líflugar umræður sköpuðust í kjölfarið. Veggir borðstofunnar voru prýddir ljósmyndum og gripum sem tengdust uppgreftirnum. Liður í Safnahelgi.

Ferjustaðasýning og Beitningaskúr Síðar þennan laugardag var minjasýningin Ferjustaður í Sjóminjasafninu kynnt og úr safninu gengið yfir í Beitningaskúrinn svonefnda sem stendur rétt vestan við Óðinshúsið. Leikið var á harmonikku í Sjóminjasafninu.

Hver var Guðmunda Nielsen? Sunnudaginn 8. nóvember flutti Lýður Pálsson safnstjóri erindi um líf Guðmundu og störf og kynnti einnig nýjan búning Hússins sem er saumaður með klæðnað Guðmundu í huga. Tónlist var fléttað inn í dagskrána, Karen Dröfn Hafþórsdóttir söng Lækin hennar Guðmundu við undirleik Örlygs Benediktssonar tónskálds og Söngflokkur Eyrarbakka sló algjörlega í gegn með þjóðlegum og frumlegum flutningi á Gleðibanka Magnúsar Eiríkssonar. Liður í Safnahelgi.



Fjalla-Eyvindur Fræðslufundur Sögufélags Árnesinga var haldinn 19. nóvember í Húsinu. Þar hélt Björk Ingimundardóttir, skjalavörður á Þjóðskjalasafni Íslands erindi um Fjalla-Eyvind en hún hefur rannsakað áður ókönnuð skjöl um sögu Eyvindar Jónssonar (1714-1783) frá Hlíð í Hrunamannahreppi og konu hans Höllu. Húsfyllir var á þessum fyrirlestri.

Jólasýning Gömlu jólatré safnsins fengu að njóta sín á árlegri jólasýningu í borðstofu Hússins líkt og endra nær. Merkilegasta tré safnsins og það elsta á Íslandi, jólatréð frá Hruna og síðar Oddgeirshólum, var í öndvegi. Hildur Hákonardóttir kom, samkvæmt hefð, ásamt fylgdarliði og skreytti tréð lyngi og mosa. Þetta árið var þema á sýningunni jólagjafir og m.a. var sýnt einstakt safn leggja frá Guðfinnu í Syðri Gróf.

Sýningin var vel sótt af skóla- og leikskólahópum.

Bókaupplestur 29. nóv. Sá siður hefur komist á að skáld koma í Húsið í dimmasta skamdeginu rétt fyrir jól og lesa úr verkum sínum. Rithöfundarnir Guðrún Guðlaugsdóttir, Vilborg Davíðsdóttir, Guðmundur Brynjólfsson og Jón Karl Helgason lásu upp úr nýjum verkum sínum. Gestir notuðu tækifærið og skoðuðu jólasýninguna.



Jarðskjálftamál

Á árinu var áfram haldið að vinna úr afleiðingum jarðskjálftans sem skók sunnlenskt samfélag 29. maí 2008 með tilheyrandi skemmdum fyrir safnið.

Samið var við Þjóðminjasafn Íslands um forvörslu á nokkrum gripum sem voru á grunnsýningu safnsins. Um það verk sáu forverðir safnsins þeir Natalie Jacqueminet og Graham Langford og gerðu þau jafnframt ítarlega greinargerð um hvern og einn skemmdan grip og áætlun um viðgerðir. Gylfi Guðmundsson trésmiður á Selfossi tók að sér að gera við skemmda gripi úr tré, einkum rokka, sem sumir skemmdust illa. Forfaðir Gylfa, Jón Árnason rokkadreyari í Kaldbak á Eyrarbakka, smíðaði þá suma á 19. öld. Viðlagasjóður greiddi safninu bætur vegna tjóns og vinnu vegna lausamuna.

Í kjölfar jarðskjálftans 29. maí skemmdist Þjónustuhús Byggðasafns Árnesinga. Grindin skekkist og sökkull gekk til. Viðlagasjóður mun bæta tjónið.

Í jarðskjálftanum skemmdust húsakynni Sjóminjasafnsins, bæði sýningahús að Túngötu 59 og Mundakotsskemma að Þykkvufliöt 2. Í árslok var farið að huga að viðgerðum á Sjóminjasafninu.

Sýningahald Byggðasafns Árnesinga var helgað jarðskjálftanum 2008 og vakti sumarsýningin *Hvar varst þú? – stóri skjálftinn* mikla og verðskuldaða athygli.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka fyrir Sveitarfélagið Árborg samkvæmt þjónustusamningi. Eignasvið Árborgar hefur umsjón með fasteignum safnsins og er kostnaður við viðhald og lóðir utan þjónustusamnings.

Sjóminjasafnið var stofnað og starfrækt af Sigurði Guðjónssyni á Litlu-Háeyri. Vann hann að söfnun gripa og byggði safnhús fyrir eigin kostnað með hjálp opinberra aðila. Hann gaf Eyrarbakkahreppi safnið árið 1987 og var Inga Lára Baldvinsdóttir umsjónarmaður safnsins frá 1987 til 1998. Mótaði hún starfsemina, kom skráningu í gott horf og skipulagði grunnsýningu safnsins. Sjóminjasafninu tilheyra um 1500 safngripir og um 5000 ljósmyndir.

Á árinu 2009 var skipt um glugga og gluggakarma á öllu Sjóminjasafninu. Sá eignasvið Sveitarfélagsins Árborgar um framkvæmdina en Vörðufell ehf var verktaki. Í lok ársins var farið að huga að endurbótum á forsal Sjóminjasafnsins en gólfíð skemmdist í jarðskjálftunum og útveggur í suður.

Til Sjóminjasafnsins bárust gripir frá Vigfúsi Markússyni sem gjarnan hefur gaukað að safninu úrsér gengnum tækniminjum með undarleg nöfn. Úr dánarbúi Helga Þorvaldssonar á Gamla-Hrauni barst safninu opin mótorbátur sem hann smíðaði sjálfur. Í forsal Sjóminjasafnsins var á Vori í Árborg boðið upp á minjasýninguna Ferjustaðir. Tildrög sýningarinnar má rekja til listsýningar sem sett var upp í Helliskógi ofan Selfossbyggðar að frumkvæði Öldu Sigurðardóttur athafnakonu á Selfossi. Í febrúar stóðu aðstandendur sýningarinnar að hópferð um ferjustaði við Ölfusá og átti Lýður Pálsson safnstjóri þar innlegg um ferjustaðinn Kotferju.



Á safnadaginn 10. júlí bauð Sjóminjasafnið upp á sögugöngu um Eyrarbakka undir leiðsögn Magnúsar Karels Hannessonar fyrrv. oddvita.

Á vegum Sambands íslenskra sjóminjasafna var haldið áfram undirbúningi að gerð sjóminjakorts og fleiri sameiginlegra mála. Markmið SÍS er að vera sameiginlegur vettvangur sjóminjasafna um sín mál, einkum á sviði söfnunarstefnu, kynningarmála og erlendra samskipta.

Þuríðarbúið hefur einnig verið hluti af Sjóminjasafninu – og Byggðasafni Árnesinga reyndar líka. Umsjón með búðinni hefur umhverfissvið Árborgar með Siggeir Ingólfsson í fararbroddi.

Rjómabúið á Baugsstöðum

Byggðasafn Árnesinga er þriðjungs eignaraðili að Rjómabúinu á Baugsstöðum. Það er 50% eigandi að rjómaskálanum á móti Búnaðarsambandi Suðurlands. Rjómaskálahúsið er friðlýst samkvæmt lögum sökum menningarsögulegs gildis.

Ingibjörg Jóhannesdóttir, Valgeir Jónsson og Andri Erlingsson sáu um gæslu í rjómabúinu í júlí og ágúst. Að öðru leyti sá Sigurður Pálsson á Baugsstöðum um gæslu búsins eins og áður.

Rjómabúið fékk styrk frá Húsafriðunarnefnd til viðhalds en til stendur að lagfæra vesturhliðina sem farin er að ryðga.

Á Farskóla íslenskra safnamanna sem kom við í Rjómabúinu 16. september afhenti Nikulás Úlfar Músson forstöðumaður Húsafriðunarnefndar húsverði og gjaldkera teikningasett af rjómabúinu, gerðar af Jóni Pálssyni arkitekt og starfsmanni húsafriðunarnefndar sumarið 2009.



Á árinu voru miklar umræður um framtíðarfyrirkomulag á rekstri rjómabúsins. Vænta má breytinga á starfsemi Rjómabúsins á Baugsstöðum á næstunni með innleiðingu þjónustusamnings milli eigenda rjómabúsins og Byggðasafns Árnesinga. Ávinningur með þjónustusamingi er ótvírætt sá að auðveldara verður að fá rekstrarfé, styrki og faglega aðstoð frá

Safnaráði, Þjóðminjasafni og Húsafriðunarnefnd.

Í stjórn Rjómabúsins á Baugsstöðum sitja Sveinn Sigurmundsson formaður, Lýður Pálsson gjaldkeri og Björn Harðarson ritari sem kom inn í stjórn við fráfall Helga Ívarssonar frá Hólum.

Samskipti við önnur söfn, setur og sýningar

Minjasafnið í Gröf. Lítið þokast í málum Minjasafns Emils Ásgeirssonar í Gröf, Hrunamannahreppi. Það er enn einkaeign barna hans og hefur Guðjón Emilsson í Laxárhlið verið þar í forstöðu. Vilji allra aðila er að efla starfsemi minjasafnsins en fram að þessu hefur enginn viljað taka að sér að draga vagninn eða leggja safninu fjármagn til uppbyggingar.

Bátasetur í Þorlákshöfn. Fyrir liggja hugmyndir að stofnun Bátaseturs í Þorlákshöfn þar sem bátar Þjóðminjasafns Íslands yrðu í fyrirrúmi með þátttöku Byggðasafns Árnesinga. Málið er í biðstöðu vegna skorts á fjármagni.

Tónminjasetur Íslands ses. Byggðasafn Árnesinga varðveitir muni Páls Ísólfssonar tónskálds. Á árinu lánaði Byggðasafn Árnesinga Tónlistarsetri Íslands í Kópavogi nokkra muni úr fórum Páls á sérsýningu. Dr. Bjarki Sveinbjörnsson er í forstöðu fyrir Tónlistarsafnið.

Þjóðminjasafn og Safnaráð. Sem áður veitti Þjóðminjasafn Íslands margvíslega sérfræðiaðstoð þegar þess var þörf. Byggðasafn Árnesinga tekur þátt í samstarfsverkefnum sem stýrt er af Þjóðminjasafninu.

Safnstjóri hefur setið fundi með safnstjórum Byggðasafna vegna breytinga á safna- og þjóðminjalögum. Þar kemur fram að hugtakið „byggðasafn“ er á útleið og þessum rannsókn- og sýningastofnunum ekki fengið hlutverk í þjóðminjavörslunni eins og hefð hefur myndast um.

Á sviði stjórnsýslu og safnalaga er Safnaráð sá aðili sem safnið hefur mest samskipti við. Safnaráð, sem er á fjárlögum sem ríkisstofnun, sér um að úthluta lista-, náttúru- og minjasöfnum rekstrar- og verkefnastyrkjum.

Góð samskipti eru við Fornleifavernd ríkisins og Húsafriðunarnefnd ríkisins þar sem safnstjóri hefur í áratug verið varamaður. Samskipti ágæt eru einnig við sérfræðinga Lista- og safnadeildar Menntamálaráðuneytisins.

Góð samskipti eiga starfsmenn safnsins við menningarfulltrúa í þeim sveitarfélögum héraðsins þar sem menningarfulltrúar starfa.

Önnur samskipti áttu sér stað á margvíslegum vettvangi við söfn, hérlandis og erlendis, og fólust einkum í tölvupóstsamskiptum og sömuleiðis heimsóknunum, skipulögðum og óskipulögðum.

Safnið lánaði gripi á sýningu í Hellisheiðarvirkjun og á Listasafn Íslands tímabundið.

Fundir, námskeið og ráðstefnur

Að sitja fundi og ráðstefnur um menningar, markaðs- og safnamál er hluti af starfi safnstjóra og annarra faglegra starfsmanna.

Ákveðið var að taka þátt í samstarfi Þjóðminjasafns Íslands og nokkurra minjasafna um allt landið um söfnum og skráningu samtímaminja eftir SAMDOK aðferðinni sem felst frekar í skráningu á vettvangi frekar en söfnun gripa. Tvö verkefni voru í gangi, annarsvegar verkefnið Leikir barna og hinsvegar samnorrænt verkefni Brauð þar sem hlutverk Byggðasafns Árneseinga er að safna upplýsingum um bakstur brauða í hverum.

Á endurmenntunarnámskeiði hjá Endurmenntun HÍ, *Öryggi safna*, flutti Lýður Pálsson safnstjóri reynslusögu sína og safnsins af náttúruhamförum 29. maí 2008.

Í nóvember flutti safnstjóri erindi um skipulagssögu Eyrarbakka fyrir nemendur Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

Ýmis verkefni og trúnaðarstörf hafa hlaðist á Lýð Pálsson sem með beinum og óbeinum hætti tengjast safninu en heyra þó ekki undir starfsvið hans sem safnstjóra:

Sem varamaður í Húsafriðunarnefnd sótti Lýður Pálsson tvo fundi á árinu og var jafnframt starfsmönnum nefndarinnar til ráðgjafar um ýmis staðbundin mál.

Lýður Pálsson sat í afmælisnefnd Bókasafns Árborgar á árinu.

Ýmis verkefni hafa hlaðist á Lýð Pálsson við fráföll föður hans í apríl 2008 og hafa haft tímabundin áhrif á störf hans við safnið. Líta má á að Lýður sé að vinna störf sem heyra undir menningu og starfsvið safnsins. Stjórn safnsins var haldið upplýstri um störf Lýðs.

Farskóli íslenskra safnamanna

Lýður Pálsson var valinn farskólastjóri fyrir Farskóla íslenskra safnamanna sem á farskóla 2008 var ákveðið að skyldi halda á Suðurlandi.

20. Farskóli Félags íslenskra safna og safnamanna var haldinn dagana 16.-18. september 2009 á Suðurlandi með aðalaðsetri á Hvolsvelli.

Yfirskrift skólans að þessu sinni var Söfn á tímum breytinga – 20 ára afmæli Farskóla íslenskra safnamanna.

Í stjórn farskólans sátu:

Lýður Pálsson farskólastjóri, Eyrarbakka,

Ágústa Kristófersdóttir, Reykjavík,

Inga Lára Baldvinsdóttir, Eyrarbakka,
Sverrir Magnússon, Skógum og
Þuríður H. Aradóttir, Hvolsvelli.

Ljós. Magnús Hlynur Hreiðarsson



Farskólastjórn hélt fimm undirbúningsfundi, fyrstu tvo í Húsinu á Eyrarbakka, þá tvo fundi á Hvolsvelli og síðasti fundurinn var haldinn á Skógum. Á fundunum var dagskrá farskólans mótuð og skipulögð. Þema skólans var valið **Söfn á tímum breytinga**. Jafnframt var ákveðið að minnst 20 ára afmælis farskólans en sá fyrsti var haldinn árið 1989.


Um 110 manns skráðu sig í Farskólann sem er mjög góð þátttaka. Farskólinn var styrkur af Safnaráði. Árhátíðin var niðurgreidd af FÍSOS en að öðru leyti var skólinn rekinn fyrir skólagjöld þátttakenda. Byggðasafn Árnesinga hélt utan um fjárreiður farskólans. Farskólinn tókst með ágætum. Nánar um farskólann á <http://husid.com/farskoli-2009/>

Kynningarmál

Í ársbyrjun var gefinn út nýr bæklingur um Húsið og söfnin á Suðurströndinni. Safnið fól Friðriki Erlingssyni hugmyndavinnu að bæklingnum, ljósmyndir tóku feðgarnir Grímur og Bjarni. Hönnuður er Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir grafískur hönnuður. Að öðru leyti var haldið áfram að kynna safnið með yfirskriftinni „þetta verð ég að sjá“. Auglýsingakostnaður varð talsverður á árinu.



Heimasíðan www.husid.com var uppfærð af fyrirtækinu Tikk-takk ehf undir stjórn Guðmundar Sigursteins Jónssonar. Safnstjóri sér í dag um að uppfæra efni síðunnar. Ársskýrslur síðustu ára eru komnar inn á vefinn og fyrirhugað er að koma upp síðu með fundargerðum stjórnar safnsins.



Samtök safna á Suðurlandi

Safnstjóri er formaður Samtaka safna á Suðurlandi. Samtökin gáfu árið 2008 út bókina Söfn á Suðurlandi og stóðu að Safnahelgi á Suðurlandi í nóvember 2008.

Aðalfundur samtakana var haldinn í Vestmannaeyjum í maí 2009 og var stjórnin endurkjörin sem í eru auk Lýðs þau Kristín Jóhannsdóttir í Vestmannaeyjum, Þuríður H. Aradóttir á Hvolsvelli og Ólafía Jakobsdóttir á Kirkjubæjarklaustri.

Sótt var um styrk til Menningarráðs Suðurlands til að halda Safnahelgi á Suðurlandi í nóvember 2009. Samtökin fengu 1.000.000 kr í styrk og léðu samtökunum starfskrafta Dorotheu Lubeckii menningarfulltrúa til að stýra undirbúningi helgarinnar. Í framkvæmdastjórn auk stjórnar og menningarfulltrúa voru menningarfulltrúarnir Andrés Sigurvinsson og Ásborg Arnþórsdóttir, Ragnheiður Sveinbjarnardóttir f.h. Skógasafns og Háskólafélags Suðurlands og Steingerður Hreinsdóttir f.h. Atvinnuþróunarfélags Suðurlands. Safnahelgin tókst mjög vel og vakti mikla og verðskuldaða athygli á blómlegu menningarstarfi á Suðurlandi.

Á árinu 2010 stendur fyrir dyrum undirbúningur að 2. útgáfu bókarinnar Söfn á Suðurlandi, sem og Safnahelgi 2010 í nóvember.

Minning – Helgi Ívarsson frá Hólum

Þann 13. febrúar 2009 lést Helgi Ívarsson frá Hólum. Hann var einn af helstu hollvinum Byggðasafns Árnesinga og Héraðsskjalasafns Árnesinga. Arfleiddi hann þessi tvö söfn að öllum eigum sínum. Er um að ræða fjármuni, íbúð, bifreið, lausamuni, bókasafn, ljósmyndir, frímerkjasafn og myntsafn. Unnu forstöðumenn byggðasafns og skjalasafns að skiptamálum



fram eftir árinu en skiptastjóri var ráðinn Ólafur Björnsson hrl. Héraðsnefnd Árnesinga bókaði eftirfarandi um arf Helga á fundi sínum 12. maí:

„Helgi Ívarsson, Hólum, Stokkseyrarhreppi, hefur arfleitt Héraðsskjalasafn Árnesinga og Byggðasafn Árnesinga að öllum eigum sínum með þeim frávikum sem tilgreind eru í erfðaskrá.

Héraðsnefnd metur mikils þann hlýhug og

stórmennsku sem Helgi sýndi með þessum rausnarlega arfi. Það er einlægur vilji og metnaður Héraðsnefndar Árnesinga að minningu Helga sé sýndur sá sómi sem tilhlýðilegt er.“

Helstu tölur úr ársreikningi 2009 (drög)

Rekstrartekjur

	Þúsund kr.
Héraðsnefnd Árnesinga framlag	17.900
Safnasjóður, rekstrarframlag	2.550
Sveitarfélagið Árborg, v. Sjóminjasafns	3.756
Aðgangseyrir og ýmsar tekjur	1.270
Tekjur og framlög fornleifadeildar (m. UHH)	8.370
Farskóli FÍSOS	2.015
Viðlagatrygging Íslands	5.320
Styrkir og aukatekjur	1.224
	42.317

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	16.357
Annar rekstrarkostnaður m. jarðskjálftakostnaði	10.461
Kostnaður við fornleifaskráningu og UHH	8.445
Heimildarmynd um Húsið, kostnaður	400
Farskóli FÍSOS	2.037
	37.701
 Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	 4.615
 Vextir og verðbætur	 -2.032
Hagnaður	2.582

Arfur Helga Ívarssonar frá Hólum undanskilinn. Hann nemur með áætluðu virði fasteignar 26.371 þúsund króna.

Eyrarbakka, 24. mars 2010,


Lýður Pálsson
safnstjóri